



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Austurvegi 65a, 800 Selfoss

kt. 4802840549 - Sími: 480 8250
Netfang: hsl@hsl.is

STARFSLEYFI

Svínabú Sléttabóli

Svínabú með 460 gyltur

**Sléttabóli, fastanr. F2201948
804 Selfoss**

Nafn og kt. rekstraraðila: **Stjörnugrís hf., kt. 6006670179**
Heimilisfang: **Saltvík, 162 Reykjavík**

Útgáfudagur: 14. apríl 2023

Gildir til: 14. apríl 2035

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir svínabú
dags. 14. apríl 2023**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Selfossi, 14. apríl 2023

Stella Hrönn Jóhannsdóttir
Stella Hrönn Jóhannsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR SVÍNABÚ

**Stjörnugrís hf.
Sléttabóli
804 Selfoss**

kt. 6006670179

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr.
reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og
mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum og sbr. reglugerð nr.
520/2015 um eldishús alifugla, loðdýra og svína.*

Í starfsleyfisskjali¹ skal tilgreina umfang starfseminnar, þ.e. þann fjölda dýra sem heimilt er að halda á búinu á hverjum tíma.

Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum og sér viðeigandi heilbrigðisnefnd um reglubundið eftirlit með rekstrinum.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

Rgl.nr.

1.1	Starfsleyfisskilyrðin gilda fyrir svínabú með færri en 2.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða færri en 750 pláss fyrir gyltur. Starfsleyfið er gefið út á grundvelli kennitölu rekstraraðila og staðsetningu starfseminnar. Starfsleyfið fellur úr gildi ef skipt er um húsnæði.	550/2018
1.2	Rekstraraðili skal taka upp innra eftirlit þar sem jafnóðum eru skráðir eftirfarandi þættir starfseminnar: <ul style="list-style-type: none"> • Fjöldi og tegund dýra (holdadýr, foreldradýr og afkvæmi) • Fjöldi sláturdýra og sjálfdauðra dýra, • Dagsett tæming þróa frárennslis, • Tæming hauggeymslna, dagsetning losunar og áætlað magn skíts, • Förgun annars úrgangs sem til fellur og áætlað magns úrgangs, þ.m.t. hræ og lyfjaleifar, • Mengunaróhöpp, • Skráning á frávikum og viðbrögðum við þeim. 	550/2018 8. og 57. gr.

¹ Forsíða starfsleyfis

1.3	Starfsemin skal vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir. Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstrinum að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum og samþykktum sveitarfélaga. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin sé með þeim hætti að hvorki fólkni né umhverfi stafi hætta af.	550/2018 6. og 56. gr.
1.4	Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja fram úrbætur.	Lög 7/1998 reglugerðir nr. 550/2018 61. gr.
1.5	Lyf, lyfjaleifar og hættuleg og varasöm efni skulu geymd í læstri og lofræstri geymslu. Lyfjaleifum og spilliefnum skal jafnóðum komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.	Lög nr. 61/2013, og reglugerðar nr. 888/2015, 737/2003, 806/1999
1.6	Eintak af skilyrðum þessum og viðkomandi lögum og reglum skulu ávallt tiltæk á vinnustað.	550/2018
1.7	Tilkynna skal viðeigandi heilbrigðisnefnd tímanlega ef starfsemi rekstraraðila er lögð niður eða ef breytingar verða á rekstrinum. Útgefandi starfsleyfis metur hvort ástæða sé til endurskoðunar starfsleyfis í ljósi breytinganna. Um endurskoðun starfsleyfiskilyrða fer samkvæmt ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.	550/2018
1.8	Verði eigendaskipti skal nýr rekstraraðili sækja um breytingu á starfsleyfi skv. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Með umsókn um breytingu á starfsleyfi skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.	550/2018
1.9	Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á sliku tjóni af völdum starfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.	Lög nr. 55/2012 reglugerð nr. 550/2018 55. gr.
1.10	Um eftirlit með starfseminni fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.	Lög nr. 7/1998 reglugerð nr. 550/2018
1.11	Almenningur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðum sínum eða með öðrum aðgengilegum hætti.	550/2018

2. MENGUNARVARNIR OG BÚNAÐUR

Rgl.nr.

2.1	Rekstraraðili skal fylgja ákvæðum um góða búskaparhætti.	
2.2	Nota skal lokaða og vökvahelda gáma við tímabundna geymslu dýrahræja og flutning á förgunarstað. Gámana skal þrífa og sótthreinsa eftir tæmingu. Förgun á dýrahræjum er einungis heimil á förgunarstað sem hefur til þess starfsleyfi og að uppfylltum skilyrðum a-liðar 1. gr. reglugerðar nr. 674/2017.	737/2003, 674/2017
2.3	Þess skal gætt að meindýr og vargfugl komist ekki í eldihús, æti, þrær, hauggeymslur og fái hvorki þrifist í né við búið.	941/2002
2.4	Óheimilt er að dreifa skít á stöðum þar sem hann getur mengað læki, ár eða vatnsból.	737/2003,
2.5	Skít skal einungis dreifa á ófrosna jörð og að jafnaði á tímabilinu frá 15. mars til 1. nóvember ár hvert, mest á vorin og snemimsumars þegar jarðvegur og gróður þarf helst á áburði að halda. Við dreifingu skal taka tillit til nálægrar starfsemi og íbúðarhúsa með því að virða hæfileg fjarlægðarmörk og miða við hagstæðar vindáttir þ.e. að sem sjaldnast blási í átt að íbúabyggð.	796/1999, 787/1999, 804/1999
2.6	Dýraskít, hálm, sag og/eða hey úr búinu skal meðhöndla á þann hátt að ekki skapist smithætta við að nýta afurðina sem áburðarefni að mati Matvælastofnunar né skapist mengunarhætta að mati viðeigandi heilbrigðisnefndar. Við nýtingu skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:	
	a) Að fyrir liggi samþykkt framkvæmdaáætlun um dreifingu þar sem m.a. kemur fram áætlað magn, dreifingartími, dreifingarstaðir og samþykki landeiganda, sé rekstraraðili ekki eigandi lands,	
	b) Að ekki sé hætta á að dreifing valdi mengun í vatnsbólum eða í yfirborðsvatni,	
	c) Að tryggt sé að dreifing valdi ekki öðrum óþægindum eða ama s.s. vegna lyktar eða óþrifnaðar.	
	d) Að fylgt sé þeim sértæku kröfum sem heilbrigðisnefnd setur dreifingunni s.s. er varða tímatakmörk og magn á flatareiningu o.p.h. sbr. starfsreglur um góða búskaparhætti sem m.a. má finna á heimasiðu Umhverfisstofnunar.	
	Sé meðhöndlun á skít, hálmi og heyi ekki nægjanleg að mati Matvælastofnunar eða heilbrigðisnefndar til að koma í veg fyrir smithætta eða mengun umhverfis skal farga því á viðurkenndan hátt á móttökustað sem hefur til þess starfsleyfi. Sama gildir ef ekki er hægt að nýta meðhöndlaðan skít, hálm og hey samkvæmt liðum a.-d.	
2.7	Þrífa og sótthreinsa skal deildir/hólf eldihúsa í hvert sinn sem skipt er um dýrahópa.	

2.8	Reglulegt viðhald og hreinsun skal vera á loftræstikerfi til að halda góðri virkni þess og svo ryk berist ekki frá eldishúsum.	787/1999
2.9	Geymslu skíts skal þannig fyrir komið að ekki sé hætta á útskolu og mengun í vatnsbólum eða í yfirborðsvatni.	737/2003,
2.10	Skitur og mykja skal ekki blandast regnvatni og skal hún flutt í lokaðum kerfum úr eldishúsum í hauggeymslu. Við búið skal vera þétt og vönduð hauggeymsla og skal ekkert frárennsli vera frá henni. Stærð hauggeymslu skal miða við að hægt sé að nýta hauginn sem áburð á skynsamlegan hátt þegar jörð getur tekið við honum eða taka a. m. k. 6 mánaða haug.	796/1999, 804/1999, 520/2015
2.11	Ef ekki mögulegt að geyma skít skv. gr. 2.10 skal flytja skítinn á viðurkennda móttökustöð. Ef fyrirhugað er að nýta skít í jarðgerð á athafnasvæði rekstraraðila, eða á vegum hans utan athafnasvæði búsin, þarf að sækja um leyfi til þess til heilbrigðisnefndar.	
2.12	Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal uppfylla skilyrði reglugerðar um fráveitur og skólp.	798/1999
2.13	Af svínabúum getur stafað lyktarmengun. Ef i ljós kemur að loftmengun eða ólykt frá starfseminni veldur fólk á nærliggjandi landareignum óþægindum, er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast sérstakra aðgerða.	Lög nr. 7/1998 og reglugerðir nr.
2.14	Rekstraraðila ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr losun mengandi efna í andrúmsloft svo takmarka megi lyktarmengun frá búinu og óþægindum sem af henni stafa fyrir næstu nágranna sbr. 36. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.	787/1999, 798/1999, 520/2015
2.15	Tryggja skal að rakastig í búunum sé hæfilegt þannig að komið sé í veg fyrir óþarfa útblástur.	
2.16	Fjarlægð á milli eldishúsa og vatnsbóla eða matvælafyrirtækja skal vera í samræmi við 4. gr. reglugerðar nr. 520/2015.	520/2015
2.17	Fjarlægð á milli eldishúsa og annarra eldishúsa íbúðarhúsa skulu vera í samræmi við liði I og IV 6. greinar reglugerðar nr. 520/2015.	
2.18	Við nýbyggingu eldishúsa og við meiriháttar breytingar eða stækkanir á eldishúsum, sem valdið geta óþægindum umfram það sem fyrir er, skal fjarlægð við vatnsból að lágmarki vera 200 m hafi vatnsverndarsvæði ekki verið ákvörðuð.	
2.19	Við aðkeyrslur að húsum skal vera bundið, steinsteypt eða malbikað, yfirborðslag með niðurföllum og lekt malar- og steinefnalag sem skal haldið hreinu af illgresi, rusli og aðskotahlutum á milli og við eldhús.	737/2003
2.20	Á lóðinni skal ekki geyma vélar, tæki eða annan búnað sem ekki er í notkun eða geta valdið óþrifum.	

- | | |
|--|----------|
| 2.21 Olíugeymar ofanjarðar skulu útbúnir árekstravörn og lekavörn skv. ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Um frágang, staðsetningu og uppsetningu olíugeyma skal farið skv. ákvæðum reglugerðar um um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. | 884/2017 |
|--|----------|

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og reglugerð nr. 520/2015 um eldishús alifugla, loðdýra og svína.

Selfossi, 14. apríl 2023.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

Stjörnugrís hf.

kt. 6006670179

**Saltvik,
162 Reykjavík**

**vegna svínabús í starfstöð fyrirtækisins að Sléttabóli í Skeiða- og
Gnúpverjahreppi.**

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 29. desember 2022 umsókn Geirs Gunnars Geirssonar, kt. 2402714199, f.h. Stjörnugríss hf., kt. 6006670179, um starfsleyfi fyrir svínabú að Sléttabóli, 804 Selfoss.

Umsóknin var metin ófullnægjandi og var óskað eftir greinargerð í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Fullnægjandi upplýsingar bárust embættinu þann 13. febrúar sl.

Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi og var móttaka umsóknar auglýst þann 13. febrúar sl. á heimasiðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, www.hsl.is.

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Þar sem um einfaldan rekstur er að ræða var ákveðið að gera tillögu um starfsleyfi með samræmdum starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna, upphaflega útgefnum 2003, með uppfærslu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þann 23. febrúar sl. sendi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita Árnессýslu. Í dag, 14. apríl, barst jákvæð umsögn skipulags- og byggingafulltrúa um erindið.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir svínabú á vegum Stjörnugríss hf. á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Auglýsingin var birt þann 23. febrúar sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 23. mars sl.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis

Á 225. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 3. mars sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn Stjörnugríss hf. tekin til afgreiðslu og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út til 12 ára að loknum auglýsingatíma, að því gefnu að engar athugasemdir myndu berast á auglýsingatímanum.

Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 14. apríl 2023.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi